

PRENTUM ALLT MILLI HIMINS

GÚTTÓ ehf
H-prent
Sillfurgötu 1
400 Ísafirði
Sími: 456 4560
Netf.: halldor@bb.is

OG

JARÐAR

Ég er svo mikið fiðrildi

Þegar ég var lítil kveið ég rosalega fyrir því að verða fullorðin, því að mér fannst allt svo gaman sem ég var að gera og var hrædd um að það myndi allt saman hverfa þegar ég yrði stór. Þórunn Arna Kristjánsdóttir, leikkona og söngkona er í viðtali vikunnar.

— sjá bls. 10 og 13.

Óháð fréttablað á Vestfjörðum

BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Fimmtudagur 6. mars 2014 · 9. tbl. · 31. árg. · Ókeypis eintak



Pólsk hátíð í Safnahúsinu

SMÍDJAN

**VERSLUN
SINDRAGÖTU 12**

Opið mánudaga til föstudaga 8-18
Opið laugardaga 10-14
Sími: 456-1300

...fyrir BÍLINN
...fyrir BÁTINN
...fyrir HEIMILIÐ
...fyrir FAGMANNINN
...fyrir ÞIG !

Kíktu til okkar
í Hafnarstræti 9
Ísafirði

Afgreiðslutími:
Virka daga 10:00-22:00
Lau & sun 11:00-22:00

SUBWAY

EINFÖLD REIKNIVÉL
Á **eBOX.IS**

Í STÓRUM SKIPUM RÚMAST LÍKA
SMÆRRI SENDINGAR

→ → → → → → →

eBOX er ný, þægileg og einföld lausn til að flytja minni sendingar frá Evrópu til Íslands. Á ebox.is er reiknivél sem segir þér á augabragði hver flutningskostnaðurinn er. Traust og áreiðanlegt leiðakerfi Eimskips á Norður-Atlantshafi tryggir að sendingin þín kemur heim með fyrstu ferð. Auðvelt og fljótlegt.

EIMSKIP
eBOX

Eimskip | Korngröðum 2 | 104 Reykjavík | Sími 525 7000 | www.ebox.is



Skemmtilegar furðuverur á bæjarskrifstofu Ísafjarðarbæjar.

Maskar á bæjarskrifstofunni

Eins og allir vita var bolludagurinn á mánudag, að minnsta kosti á norðanverðum Vestfjörðum. Dagurinn er einnig þekktur sem maskadagurinn en þá klæðist unga fólkið og einhverjir fullorðnir, búningum, og má sjá allskyns furðuverur á ferð. Starfsmenn bæjarskrifstofunnar á Ísafirði ákváðu að nýta tækifærið og mættu þau flest í einhverskonar gervi til vinnu og eflaust hefur verið skemmtilegt að sækja erindi sín á skrifstofuna þann daginn. Þar var meðal annars hægt að rekast á súperman, jólasvein, lækni, M&M og Mottumars karl með flott yfirvaraskegg.

Ekki bráð mengunarhætta á Garðsstöðum

Heilbrigðieftirlit Vestfjarða framkvæmdi talningu í lok janúar á fjölda bíla í „bílakirkjugarðinum“ á Garðsstöðum við Ísafjarðardjúp og voru þeir þá 455 talsins. Þetta kemur fram í fundargerð heilbrigðisnefndar Vestfjarða frá 14. febrúar. Þar kemur einnig fram að með vísan í skýrslur heilbrigðiseftirlits sé ekki talin vera bráð mengunarhætta af starfsemi. Samstarf verði haft við Súðavíkurrepp um lausnir á málinu og leitar verður til skipulagsyfirvalda í sveitarfélaginu um breytingu á skipulagi, en á meðan skipulagi er ekki breytt verður ekki veitt starfsleyfi.

Eins og kom fram hér á BB í nóvember í fyrra er enn talsvert í land með að umfang „bílakirkjugarðsins“ komist í það horf sem samkomulag Þorbjörns Steingrímssonar, eiganda bílana og



Garðsstaðir í Ísafjarðardjúpi.

Súðavíkurrepps mælir fyrir um, en ítrekað hefur verið veittur frestur til að klára málið. Rætt var við Ómar Mátí Jónsson sveitarstjóra sem sagðist hafa átt í reglugerum samtölum við Þorbjörn um þessi mál og það sé sameiginlegt markmið þeirra að „gíra“ niður fjölda bifreiða og gera honum mögulegt að fá starfsleyfi fyrir þessari starfsemi á jörðinni.

– harpa@bb.is



Gestir fengu að njóta tónlistarflutnings.

Pólskur mánuður í Safnahúsinu

Pólskur mánuður hófst í Safnahúsinu á Ísafirði á laugardag með kynningu og upplestri á ljóðaverkefni ORT og sýningunni Ljóðapvottur þar sem fjögur íslensk skáld eru í pólskum þýðingum og fimm pólsk skáld í íslenskum þýðingum. Ljóðin voru lesin af íslenskum og pólskum unglingum og pólskir Nóbels-

höfundar kynntir.

Þá fengu gestir einnig að hlýða á tónlistarflutning. Þess má geta að þann 15. mars verður dagskrá á pólsku fyrir börn og 19. mars verður örnámskeið á pólsku. Þeir sem vilja geta nú gluggað fjölda pólskra bóka en bókasafnið fékk nýja sendingu nýlega.

– harpa@bb.is

Dæmdur fyrir húsbrot

Karlmaður um sjötugt hefur verið dæmdur fyrir húsbrot í tveimur aðskildum tilvikum, en í þeim báðum var þolandinn sá sami. Ákvörðun refsingar var frestað og fellur hún niður að liðnum tveimur árum. Samkvæmt ákærinni braust maðurinn inn í húsnæði í Bolungarvík í apríl og desember 2012, og stal þaðan ýmsum verkfærum. Með athæfi sínu olli hann skemmdum á húsnæðinu í báðum tilvikum, en um var að ræða tvær eignir í eigu sama aðila.

Í fyrra tilvikinu er hann ákærður fyrir þjófnað, en til vara fyrir húsbrot, með því að hafa brotist inn í bílskur í eigu fyrirverandi sambýliskonu sinnar, tekið þaðan prufubekk, rennibekk, pressu og ýmiss handverkfæri, og valdið með þessari háttsemi skemmdum á stormjarni á glugga bílskúrsins. Í seinna tilvikinu er hann einnig ákærður fyrir húsbrot, með því að hafa brotist inn í húsnæði fyrir-

verandi sambýliskonu sinnar, og tekið þaðan sandblásturstæki, og valdið með þessari háttsemi skemmdum á glugga húsnæðisins.

Maðurinn viðurkenndi að hafa í tveimur tilvikum, í heimildarleysi, farið inn í húsnæði fyrirverandi sambýliskonu sinnar og einnig að hafa á brott með sér muni, en þá taldi hann sig eiga. Fallið var frá ákæru um þjófnað. Í öðrum ákærulið voru felld út orðin: „...og valdið með þessari háttsemi skemmdum á glugga húsnæðisins.“ Játaði hann þá skýlaust sök samkvæmt ákærinni þannig breyttri og taldi dómur sannað að ákærði hafi gerst sekur um brot þau sem honum eru gefin að sök.

Hann hefur ekki áður sætt refsínu. Með vísan í það og játningar mannsins þótti dómnum rétt að fresta ákvörðun refsingar og fellur hún niður að liðnum tveimur árum.

– harpa@bb.is

MATREIÐSLUNEMI

Hótel Ísafjörður leitar að matreiðslunema á samning.

Viðkomandi þarf að vera með brennandi áhuga fyrir matargerð, duglegur, sjálfstæður, jákvæður og tilbúinn að læra nýja hluti.

Áhugasamir hafi samband í síma 456-4111 eða holmfridurvala@hotelisafjorður.is

HÓTEL
Ísafjörður

**NÝR
SUMAR-
BÆKLINGUR
ER KOMINN ÚT!**

**SKANNAÐU KÓÐANN
OG SKOÐAÐU
BÆKLINGINN**

EINNIG Á UU.IS/SUMAR

Sendu okkur póst á info@uu.is með nafni og heimilisfangi og við sendum þér eintak.

ALMERÍA
17.–24. júní

ARENA CENTER
FRÁ **84.800** KR.
á mann m.v. tvo fullorðna og tvö börn.
Verð 105.600 kr. á mann m.v. tvo fullorðna.

COSTA BRAVA
16.–23. júní

XAINE PARK
FRÁ **96.400** KR.
á mann m.v. tvo fullorðna og tvö börn.
Verð 114.238 kr. á mann m.v. tvo fullorðna.

BENIDORM
17.–24. júní

MILORD'S SUITES
FRÁ **82.500** KR.
á mann m.v. tvo fullorðna og tvö börn.
Verð 103.999 kr. á mann m.v. tvo fullorðna.

ALICANTE BORG
1.–8. júlí

ALBAHIA
FRÁ **88.150** KR.
á mann m.v. tvo fullorðna og tvö börn.
Verð 101.738 kr. á mann m.v. tvo fullorðna.

TENERIFE
27. ágúst – 3. september

PARQUE DE LAS AMERICAS
FRÁ **99.800** KR.
á mann m.v. tvo fullorðna og tvö börn.
Verð 115.099 kr. á mann m.v. tvo fullorðna.

ALBÍR
17.–24. júní

ALBIR PLAYA
FRÁ **85.200** KR.
á mann m.v. tvo fullorðna og tvö börn.
Verð 100.121 kr. á mann m.v. tvo fullorðna.

MADEIRA
22.–30. apríl

ALTO LIDO
FRÁ **159.900** KR.
á mann m.v. tvo fullorðna.





Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620
Afgreiðsla og ritstjórn: Silfurgötu 1, Ísafirði, sími 456 4560
Ritstjóri BB og bb.is: Sigurjón J. Sigurðsson, 892 5362, bb@bb.is
Ábyrgðarmenn: Halldór Sveinbjörnsson, Sigurjón J. Sigurðsson.
Blaðamenn: Harpa Oddbjörnsdóttir, 846 7487, harpa@bb.is
 Smári Karlsson, 866-7604, smari@bb.is
Auglýsingar: Halldór Sveinbjörnsson, 894 6125, halldor@bb.is
Prentvinnsla: Litróf ehf.
Upplag: 2.200 eintök
Dreifing: Íslandsþóstur. Dreift án endurgjalds inn á öll heimili á norðanverðum Vestfirðum
Stafræn útgáfa: www.bb.is / facebook.com/pages/bb.is
Önnur útgáfa: Á ferð um Vestfirði
 ISSN 1670-021X

Tekið er á móti auglýsingum á pósthöfundum bb@bb.is. Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 17 á mánuðögum fyrir útgáfudag sem er almennt á fimmtudögum.

Ritstjórnargrein

Mekka rækjuvinnslunnar

Yfirskriftin er sótt í gagnmerka grein Ólafs Bjarna Halldórssonar, framkvæmdastjóra á Ísafirði, á bb.is. 24. f. m. Þar fjallar hann um þá hættu sem vofir yfir á Vestfirðum hvað rækjuveiðar og vinnsla þess fágæta sjávarfangs varðar, ef fyrirætlun sjávarútvegsráðherra um veiðirétt gengur eftir. „Hvaða hagsmunir eiga að ráða ferð?“ spyr Ólafur Bjarni. „Það er gjarnan talað um almannahagsmuni í tengslum við fiskveiðistjórn en oft verður ekki betur séð en það hugtak snúist í andhverfu sína þegar einkahagsmunir og almannahagsmunir rekast á og lítill vafi á að það hefur viðhaldið harðvítugum deilum um kerfið frá fyrsta degi. Nú er deilt um hvort skip, sem veiddu rækju með hléum á tímabilinu 1991-2010, mörg lítið eða ekkert síðustu árin, eða þeir sem hafa veitt undanfarin þrjú ár skuli eiga rétt til veiða.“

Fyrir Alþingi liggur lagafrumvarp ráðherra um að eldri leyfishafar hljóti 70% af væntanlegum kvóta, en þeir sem á undanförmum „frelsisárum“ byggðu upp veiðar og vinnslu, af áráði og dugnaði og lögðu allt undir, fái aðeins 30% í sinn hlut. Rök ráðherra fyrir þessum óhugnaði voru ótti hans um bótaskyldu gagnvart gömlu réttihöfundum, sem skildir voru eftir í einhverri óvissu, að sögn, þegar veiðarnar voru gefnar frjálssar. Nú hefur Lagastofnun HÍ létt þeim þungbæra krossi af ráðherranum með álitni þar sem ríkið er fríað bótaskyldu, hvort heldur er til fyrri leyfishafa eða þeirra sem nýttu sér opna kerfið.

Ástæður fyrir opnun kerfisins á sínum tíma voru m.a. að rækjukvótinn var ekki alltaf fullnýttur og að braskað var með veiðiheimildir. Líttum nánar á grein Ólafs Bjarna: „Það sem er undirliggjandi í 70%, 30% regluverkinu er gífurleg leigustarfsemi sem mun verka eins og lamandi hönd á þá sem afla verðmætanna og gera úr þeim útflutningsverðmæti. Um það er hvergi fjallað í 25 síða álitu sérfræðings í audlindarétti og væntanlegir leigusalar kjósa að hafa þá umræðu undir yfirborðinu þar til lokið er við að gera þá að fullgildum leigusölum án veiðiskyldu á tegundinni. Rækjuveiðnaðurinn hefur ekki efni á slíku og það mun ógna tilveru hans,“ segir Ólafur Bjarni og sendir alþingismönnum þau skilaboð að þeir séu kjörnir til að standa vörð um almannahagsmuni og fylgst verði með hvernig þeir standist prófaunina.

Að stjórnvöld ætli með endurkomu kvótakerfis í rækjuveiðum að opna fyrir brask með veiðileyfi útgerðarfyrirtækja, sem fyrrséð er að muni ekki sjálf nýta veiðiréttinn, er hrollvekjandi tilhugsun sem stríðir í öllu gegn megintilgangi allrar fiskveiðistjórnunar, að tryggja fiskvernd og hámarka efnahagslegan ábata af veiðunum. Frumvarp ráðherrans mun þvert á móti leiða af sér líkur á að rekunum verði kastað yfir rækjuveiðnaðinn. Nú reynir á dug löggjafans gegn framkvæmdavaldinu. s.h.

Spurning vikunnar

Eiga Íslendingar að slíta aðildarviðræðum við Evrópusambandið?

Alls svöruðu 683.
 Já sögðu 277 eða 41%
 Nei sögðu 406 eða 59%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Aðsókn eykst í sjávarútvegstengt nám

„Mikil gróska er í nýsköpun í sjávarútvegi um þessar mundir og fleiri frumkvöðlar virðast nú horfa til hafs en oft áður. Það er því ánægjulegt að Háskólaasetur Vestfjarða hafi tekið af skarið og bjóði námsleið sem nýst getur áhugasömum nemendum og frumkvöðlum á þessu sviði,“ segir í nýrri greiningu hagfræðinga Íslenska sjávarklasans, þeirra Hauks Más Gestssonar og Bjarka Vigfússonar. Þar er meðal annars greint frá því að Háskólaasetur Vestfjarða á Ísafirði bjóði bæði upp á meistaranám í haf- og strandsvæðastjórnun í samvinnu við Háskólann á Akureyri og nýtt meistaranám í sjávar- tengdri nýsköpun, einnig í samvinnu við Háskólann á Akureyri og Nýsköpunarmiðstöð Íslands.

Nýskráningar í haf- og strandsvæðastjórnun voru fjórtán síðasta haust sem er fækkun um tíu frá fyrra ári. Alls hafa 107 nemendur innritast í haf- og strandsvæðastjórnun síðan 2008, margir hverjir erlendir. Í skýrslunni er einnig fjallað nýja námsleið við Háskólaasetrið, meistaranám í sjávar- tengdri nýsköpun, en henni var hleypt af stokkunum á þessu ári.

Aðsókn í sjávarútvegstengt nám á framhaldsskólastigi hefur stóraukist síðan 2008 en nú kann að vera að atvinnuhorfur fari hrakandi á ýmsum starfssviðum. Þó er ljóst að þörf sjávarútvegs- fyrirtækja á vel menntuðu fólki fer ekki dvínandi og gengur t.a.m. sjávarútvegs- og matvælafræðingum almennt prýðilega að fá

vinnu í sjávarútvegsgreininni. Við lestur skýrslunnar má sjá að fjöldi framhaldsskóla býður upp á nám tengt sjávarútvegi, meðal annars Menntaskólinn á Ísafirði sem býður upp á vélvirkjanám.

Heilt yfir hefur aðsókn í nám tengt sjávarútvegi á Íslandi vaxið stöðugt frá árinu 2009 og fjölbreytni námsbrautanna hefur aukist umtalsvert að því er fram kemur í skýrslunni. Fjöldi nema í nýu sjávarútvegstengdar námsbrautir jókst um 25% haustið 2013 frá árinu áður og þá má einnig merkja aukinn áhuga á nýsköpun og fullvinnslu afurða á sókn ungs fólks í grunnnám tengt sjávarútvegi og auknum áhuga á námi í matvælafræði og þverfaglegu námi á sviði sjávarútvegs. – harpa@bb.is



Neðstikaupstaður, krúnudjásn gömlu hverfanna í Ísafjarðarbæ.

Gagnrýnir úthlutanir forsætisráðherra

Ríkisendurskoðun gagnrýnir vinnubrögð forsætisráðuneytisins við úthlutun á 205 milljónum króna til verkefna víða um land sem lúta að húsfriðun, græna hagkerfinu og varðveislu menningarmínja. Eitt verkefna sem er styrkt af ráðuneytinu er gerð þrívíddarlíkana af gömlu bæjar- kjörnumum fimm í Ísafjarðarbæ sem fékk 10 milljónir króna frá ráðuneytinu. Í Fréttablaðinu kom fram að tæplega helmingur fjáris hafi runnið til verkefna í kjör- dæmi forsætisráðherrans, Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar. Engir styrkir voru auglýstir og í einhverjum tilfellum var ekki úthlutað á grundvelli skriflegrar umsóknar. Ísafjarðarbær sótti ekki um styrk í sjóðinn og kom úthlutunin flatt upp á bæjarfulltrúa.

Í-listinn í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar lýsti undrun sinni í bókun í bæjarstjórn og töldu þeir eðli-

legra að samráð væri haft við heimamenn um forgangsröðun verkefna. Í Fréttablaðinu segir Sveinn Arason, ríkisendurskoðandi, að það sé afstaða Ríkisendurskoðunar að allir sjóðir á vegum stofnana ríkisins eða ráðuneyta þurfi að gæta jafnræðis og allir eigi að sæta sömu málsmeðferð. Hann segir að allir eigi rétt á að sækja um styrki í sjóðum sem þessum og það eigi að vera fagnefnd sem meti umsóknir og setji verkefni í þá röð sem hún telur vera æskilegust og brýnust. „Ef nefndin tekur ekki sjálf endanlega ákvörðun, heldur ráðherra, þá á það að gerast á grundvelli slíkrar niðurröðunar. Öll frávik frá svona regluverki erum við mjög ósáttir við,“ segir Sveinn.

Þegar Sigmundur Davíð settist í stól forsætisráðherra fluttist málaflökur þjóðmenningar til ráðuneytisins. Sigmundur hefur


í lengri tíma verið áhugamaður um skipulagsmál og gamlar byggðir og flutti meðal annars fyrirlestur í Edinborgarhúsinu þar sem hann lýsti mikilvægi gömlu byggðakjarnanna fyrir aðdráttar- afl Ísafjarðarbæjar. Þó svo að ekki hafi verið sótt sérstaklega um styrk að þessu sinni hefur Ísafjarðarbær áður sótt um styrki fyrir sama verkefni. Síðla árs 2009 var sótt um styrk úr Húsfriðunarsjóði en hann fékkst ekki. Árið 2011 var aftur sótt um styrk til Húsfriðunarsjóðs og hét verkefnið þá „Ísafjarðarbær – Byggða- og húsakönnun“ og fékkst styrkur upp á 700.000 kr.

Samkvæmt upplýsingum frá upplýsingafulltrúa Ísafjarðarbæjar hafa bæjaryfirvöld verið í samskiptum við ríkisvaldið um áframhald verkefnisins þó formleg umsókn hafi ekki verið send síðan 2011.


– smari@bb.is




Að gæta bróður míns
Verð kr. 3.299



Marco-áhrifin
Verð kr. 3.299



Konungsmorðið
Vildarverð kr 2.639
Verð kr. 3.299



Eftirköstin
Verð kr. 3.299



5:2 mataræðið
Verð kr. 3.499



Grimm
Verð kr. 3.299



Mánasteinn
Verð kr. 2.999



Góða nótt, Einar Áskell
Verð kr. 2.999

Engan asa, Einar Áskell
Verð kr. 2.999

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Kringlunni
Álfabakka 14b, Mjódd

Smáralind
Strandgötu 31, Hafnarfirði
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Vestmannaeyjum - Faxastíg 36
Penninn - Hallarmúla 4

PENNINN

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Eymundsson
Bókavalið frá 1872

Strandsiglingar mikil búbót fyrir landsbyggðina

Flutningar stóru skipafélaganna tveggja, Eimskipa og Samskipa, í gegnum nýjar strandsiglingaleiðir með tengingu við Evrópuhafnir hafa gengið betur en bjartsýnustu menn þorðu að vona. Sparnaður fyrirtækja á landsbyggðinni í flutningum, aðallega í sjávarútvegi, nálgast milljarðkróna á ársgrundvelli. Guðmundur M. Kristjánsson, hafnarstjóri á Ísafirði, var formaður starfshóps Ögmundar Jónssonar fyrrverandi innanríkisráðherra, vorið 2011 sem vann tillögur um hvernig koma mætti á standsiglingum og undirbúa útboðslýsingu fyrir ríkisstyrktar strandsiglingar.

Ríkisstjórnin fól Ögmundi að ganga frá útboði fyrir strandsiglingar en þá kynntu Eimskip og Samskip nýjar siglingaleiðir, sem höfðu verið í undirbúningi um tíma. Hugmyndir stjórnvalda og skipafélaganna voru mjög ólíkar. Nýju siglingaleiðir skipafélaganna voru ekki strandsiglingar eins og tíðkuðust á árum áður, heldur strandsiglingaleiðir sem hluta af siglingakerfum frá Íslandi við meginland Evrópu. Í kjölfar þessa dró Ögmundur

tillögu sína til baka enda tilgangi hennar náð.

Guðmundur segir í viðtali við Fréttablaðið að þessi nýja þjónusta skipafélaganna hafi sannað sig rækilega. Samantekt hans á flutningum á strandsiglingaleiðum í gegnum hafnir á Ísafirði, Sauðárkróki, Akureyri og Reyðarfirði sýndi að frá 18. mars til áramóta fluttu félögin tvö tæp 84.000 tonn sem jafngildir því að félögin flytji 110.000 tonn á ársgrundvelli, eða 9.200 tonn að meðaltali á mánuði.

Þá benti hann á hversu gríðarlega mikil búbót strandsiglingarnar séu fyrir fyrirtæki á landsbyggðinni, ekki síst sjávarútvegsfyrirtæki. „Maður heyrir að framleiðendur hér á svæðinu eru einróma um að þessi nýja þjónusta skipti þá verulega miklu máli. Einstakir fiskframleiðendur eru að spara sér milljónir, jafnvel tugi milljóna, í flutningskostnað á ári. Þetta er fljótreykt þegar haft er í huga að áður borguðu menn 250.000 fyrir flutning með bíl að útflutningshöfn í Reykjavík og til Evrópu, en sami 25 tonna gámur kostar sama framleiðanda



kannski 60.000 krónur þegar hann er sóttur af strandsiglingaskipi,” sagði Guðmundur.

Í úttekt Fréttablaðsins er einnig fjallað um hina hlið málsins, t.d. það að til að koma tugum þúsunda tonna af varningi landleiðina frá fyrirtækjum fyrir vestan og á Norðurlandi þurfa flutningabílar að keyra þessa afmörkuðu leið áttu til níu þúsund sinnum fram og til baka. Í útreikningum Gunnars Kvaran, forstöðumanns

útflutningsdeildar Samskipa, er meðalferðin í kringum 400 kílómetrar. Miðað við átta þúsund ferðir eru það 3,2 milljónir ekinna kílómetra.

Í skýrslu fjármálaráðuneytisins, Heildarstefnumótun um skattlagningu ökutækja og eldsneytis, er fjallað meðal annars um vegslit flutningabíla. „Ein ferð flutningabíls án tengivagns með 80% hleðslu gæti valdið svipuðum niðurbrotsáhrifum og

9.000 ferðir [...] fólksbifreiðar,” segir í skýrslunni. Lauslega reiknað þurfi 72 milljónir fólksbíla til að ná því vegsliti flutningabíla sem hefur verið fært út á sjó.

Jón Helgason, framkvæmdastjóri mannvirkjasviðs Vegaerðarinnar, sagði að of skammur tími sé liðinn frá því að siglingarnar hófust til að hægt sé að merkja mun á viðhaldskostnaði. – harpa@bb.is

23,6% af fiskiskipaflota landsmanna skráður á Vestfjörðum

Flest fiskiskip voru með skráða heimahöfn á Vestfjörðum í árslok 2013, alls 401 skip, en það eru um 23,6% fiskiskipastóls landsmanna. Opnir bátar voru flestir á Vestfjörðum, eða 232 talsins, og þá voru einnig vélskip flest á Vestfjörðum, alls 163. Næst flest fiskiskip, 324, höfðu heimahöfn skráða á Vesturlandi, eða 19,1%. Fæst skip höfðu heimahöfn á Suðurlandi, 72, en það samsvarar 4,2% af heildarfjölda fiskiskipa. Opnir bátar voru næst flestir á Vesturlandi, 180, en fæstir höfðu heimahöfn á Suðurlandi, eða 17. Vélskip voru fæst á Suðurlandi, eða 49 skip. Flestir togarar höfðu skráða heimahöfn á höfuðborgarsvæðinu, alls 11, en níu togarar á Norðurlandi eystra. Fæstir togarar voru skráðir á Vesturlandi, eða þrír.



Flest fiskiskip voru með skráða heimahöfn á Vestfjörðum í árslok 2013, alls 401 skip.

Alls voru 1.696 fiskiskip á skrá hjá Siglingastofnun í lok árs 2013 og hafði þeim fjölgað um sex frá árinu áður. Fjöldi vélskipa var alls 783 og samanlögð stærð þeirra 89.478 brúttótonn. Vélskipum fjölgaði um fimm á milli ára en

stærð flotans jókst um 203 brúttótonn. Togarar voru alls 51 og fækkaði um fimm frá árinu á undan. Heildarstærð togarafloans var 60.161 brúttótonn og hafði minnkað um 12.540 brúttótonn frá árinu 2012. Opnir

fiskibátar voru 862 og 4.170 brúttótonn að stærð. Opnum fiskibátum fjölgaði um sex milli ára og heildarstærð þeirra jókst um 60 brúttótonn.

Íslenski fiskiskipastóllinn var rúmlega átta mánuðum eldri að

meðaltali í árslok 2013 en í árslok 2012, en meðalaldur var um 25 ár og tveir mánuðir. Meðalaldur vélskipa var tæp 24 ár, togarafloans tæp 28 ár og opinna fiskibáta rúm 26 ár.

– harpa@bb.is



198
krónur kg.

Appelsínurfrá Spáni



398
kr. 600g.

Pink Lady Epli 600g



61 KR. VERÐLÆKKUN
VERÐ ÁÐUR 759 KR.

698
kr. 500g



298
kr. kg

Amerískar sætar kartöflur



298
krónur 1 kg.

Danskar Gulrætur 1 kg.



229
kr. 1 kg

Bónus Kornbrauð 1 kg.



598
kr. 2 stk.

Myllu Jólakaka 420g TVÆR FYRIR EINA



798
krónur kg.

Kaupfél. Skagf. Frosið lambasúpukjöt **FROSID**



129
kr. 2 ltr.



1548
krónur 900g.

Frosnar Kjúklíngabringur 900g



1498
krónur kg.

Kaupfél. Skagf. Lambalæri í sneiðum **FROSID**



898
kr. kg.

Frosnir Porskbítar / roð og beinlausir
VERÐ ÁÐUR 998 KR.



1259
krónur kg.

Kaupfél. Skagf. Heilt lambalæri **FROSID**

AFGREIÐSLUTÍMI
FIMMTUDAGUR
11:00-18:30

BONUS EKKERT BRUÐL



AFGREIÐSLUTÍMI
FIMMTUDAGUR
11:00-18:30

Úthafs-rækjan: Allar líkur á málsókn

Jón Guðbjartsson, útgerðarmaður á Ísafirði, segir allar líkur á að hann og líklega fleiri útgerðarmenn fari í mál við ríkið, verði úthafs-rækjувótanum skipt eftir 70/30 reglunni sem Sigurður Ingi Jóhannsson, sjávarútvegsráðherra, hefur lagt til. „Það bendir allt til þess að ég fari í mál. Það hafa komið fram lögfræðiálit sem segja að 9. greinin standi. Við vorum að vinna eftir lögum og reglum og þá skiptir það engu hvort ákvörðun Jón Bjarnasonar var rétt eða röng,“ segir Jón. Níunda grein laga um stjórn fiskveiða kveður á um að aflahlutdeild skuli úthlutað á grundvelli aflareynslu síðustu þriggja veiðitímabíla. Jón Bjarnason, þáverandi sjávarútvegsráð-

herra, gaf rækjuveiðar frjálsar í kjölfar lítillar sóknar í stofninn.

Eins og áður hefur komið fram er ekki bjart framundan í rækjuvinnslu á Íslandi. Aflabrögð í úthafs-rækju hafa verið afar dræm og verksmiðjum á Íslandi reynist erfitt að fá keypta iðnaðarrækju erlendis. Jón segir að skipting rækjuvótans eins og ráðherra hefur lagt til væri mikið högg fyrir rækjuvótinn. „Við værum settir í þá stöðu að þurfa að leigja heimildirnar af fyrirtækjum sem ekki eru í rækjuútgerð og ætla sér það ekki. Það myndi breyta öllu, ekki bara fyrir Kampa heldur fyrir hinar verksmiðjurnar, ef rækjuvótinn deilist niður á skip sem eru tengd rækjuverksmiðjunum.“



Jón Guðbjartsson útgerðarmaður.

Jón segir að með því að deila kvótanum á skip sem eru í eigu eða nátengd rækjuvótanum

væri verið að leiðrétta það þegar í upphafi kvótasetningar rækju, var kvótanum útdeilt á

loðnuskip og togara sem rækjuverksmiðjurnar voru með á leigu. – smari@bb.is



Kirkjubjónn

Sóknarnefnd Ísafjarðarkirkju óskar eftir að ráða kirkjubjón til starfa. Starfið er fjölbreytt og felur m.a. í sér meðhjálparastarf og útfarir, vinnu við safnaðarstarf kirkjunnar, skrifstofuvinnu, ræstingar o.fl. Óskað er eftir manneskju sem hefur frumkvæði og með góða hæfni í mannlegum samskiptum. Umsóknarfrestur er til. 25. mars nk.

Upplýsingar gefur Björn Baldursson formaður sóknarnefndar í síma 848 4878 eða á netfanginu vigur@simnet.is.

Fengu aðstoð björgunar-sveita og Vegagerðarinnar

Starfsmenn Vegagerðarinnar ásamt björgunarsveitarmönnum frá Ísafirði, Hnífsdal og Þingeyri voru kallaðir út um kl. 21 á sunnudagskvöld svo hægt væri að koma sjúklingi á Þingeyri á Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði en leiðin um Gemlufallsheiði var

ófær. Þá var þyrla Landhelgisgæslunnar einnig sett í viðbragðsstöðu.

Björgunarmenn höfðu vélsleða með sér, ef flytja þyrfti lækinn yfir ófærð, en moksturinn gekk það vel að ekki þurfti á þeim að halda. Sjúklingurinn var fluttur af stað í

sjúkrabíl, sem ók á eftir ruðningstækjunum og þegar lækningin hafði skoðað sjúklinginn, var aðstoð þyrlunnar afturkölluð. Ferðin til Ísafjarðar gekk vel og var sjúklingurinn lagður inn á sjúkrahúsið á Ísafirði laust fyrir klukkan 23. – harpa@bb.is

Morð, mella og nauðgun er bara húmor

Ágæti lesandi! Látum hugann reika og ímyndum okkur að í Reykjavík, þar sem konur munu vera fleiri en karlar, búi margar ungar og áhugasamar stúlkur um framgang kynsystra sinna. Til þess að valda ekki misskilningi lesandi góður þá er hugurinn sem um pennann heldur kynlaus að þessu sinni, enda áfram um jafnrétti kynjanna og reyndar allra annarra. Aftur að ímynduðu stúlkunni, sem í baráttunni fyrir femínisma fer mikinn. Heimasíða Femínistafélags Íslands á hinu víðfræga neti, sem sumum verður hált á, gefur þessa skilgreiningu: „Femínisti er karl eða kona sem veit að jafnrétti kynjanna hefur ekki verið náð og vill gera eitthvað í því.“ Ekki þarf meira til svo venjulegt fólk skilji hvað við er átt. Svo æxlast, að hin ímyndaða stúlka okkar, lesandi góður, kys að skilgreina sig sem ofurfemínista hvað svo sem það þýðir.

Samtök, sem meðal annars hafa femínisma að stefnumálum sínum, myndu sjá sér hag í því að láta á slíkri gæðastúlku bera og bæði innlend félög og af erlendum uppruna, jafnvel kennd við virt samtök ríkja um allan heim og veittu ímynduðum „ofurfemínista“ mikla viðurkenningu til þess að lyfta málstaðnum. Sjálf myndi hún segja að reka þyrfti illt út með illu og viðhafa stóryrði við mann og annan. Engum þætti það mikið í herbúðum

femínista svo fremi stóru orðunum væri beint að þeim hluta manna sem alla jafna eru skilgreindir sem karlar og teljast oft, sennilega oftar en ekki, vart til upplýftingar „málstaðnum“. Netíð er vettvangur margra til þess að láta til sín taka og margir kjósa að gera það nafnlaust. Vart tekur að amast við því svo fremi hófs sé gætt í orðavali og refsiverðum ærumeiðingum og hótunum ekki beint að fólki.

Ímyndum okkur að hinn ímyndaði „ofurfemínisti“ telji netíð réttan vettvang en að orðavalið kynni að skaða ímyndina og tæki upp á því að deila „húmor“ sínum með öðrum netverjum með sama húmor, er birtist í því að kalla lækni, mella, að vilja drepa lögmann með hamri, sem dæmdur manndrápari hefði áður notað á félagasinn og ósk um að einhver nauðgaði söngkonu með tjaldhæl. Aum vörn er að þetta væri „lókahlúmor“ á sérstökum netsíðum sem kenndar eru við börn. Orðið femínismi hefði verið gengisfellt en þó ekki nærri því eins og konan sem léti þetta frá sér fara. Að aðrar konur taki svo til varna og segi að í lagi sé að kalla konu mella er lágt lagst og í samræmi við „ofurfemínistann“ sem engar málsbætur ætti. Skilgreiningin á „einhverju“ á heimasíðu Femínistafélags Íslands væri þar með komin fram.

Stakkur skrifar

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og mállefnum hafa oft verið umdeildar og vak- ið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.



Fjöldmenni á árshátíð Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða

Árshátíð Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða á Ísafirði var haldin á laugardagskvöld Edinborgarhúsinu á Ísafirði. Fjöldmenni mætti á árshá-

tíðina en hún var opin fyrir starfsmenn sjúkrahússins og maka þeirra. Skemmtiatriði slógu í gegn og að loknum kvöldverð var slegið upp balli

þar sem Benedikt Sigurðsson ásamt hljómsveit héldu uppi stuðinu. Ljósmyndari BB lét sig ekki vantaog smelti af nokkrum myndum.





Sælkeri vikunnar er Sigbrúður Margrét Gunnsteinsdóttir á Ísafirði

Tegliatella tómátpasta og bollakaka

Ég er alveg ágætis kokkur en eitt hef ég frá ömmu minni heitinni og nöfnu, að ég get ómögulega farið eftir uppskriftum. Ég nota þær helst til að fá innblástur að eigin útgáfu, það er kannski þess vegna sem ég baka helst ekki, þar er ekki svigrúm fyrir dass hér og slatta þar. Ég er mjög hrifin af ítölskum mat og þá sérstaklega pasta. Þessi uppskrift hefur fylgt konunum í fjölskyldu minni í þó nokkurn tíma og er reglulega á borðum á mínu heimili. Sérstaklega þegar gesti ber að garði og mann langar að bjóða upp á eitthvað ferskt og þægilegt. Upphaflega er uppskriftn ekki með kjúklingi en þar sem karlarnir á heimilinu hafa ekki smekk fyrir kjötlausum mat þá bættist hann við réttinn í seinni tíð.

Tegliatella tómátpasta

Tegliatella pasta eftir þörf, u.þ.b 2-4 hnútar á mann eftir stærð og tegund. Soðið eftir leiðbeiningum.

Kjúklingabringur, ég miða

við hálfu á mann. Grillaðar með góðu kryddi.

Nú vel þroskaðir tómatar, að minnsta kosti. Gott að bæta við kirsuberjatómtöum.

Fersk basilíka (þessi íslenska:) söxuð smátt.

6 hvítlauksrif, eða eftir smekk. 1 peli rjómi.

Kjúklinga- eða grænmetis-kraftur.

Tómátpúrra, lítil dós.

1 msk. maldonsalt .

Salt, pipar og annað gott krydd.

Aðferð:

Takið fram eldfast mót, hellið yfir það smá slurk af olíu. Tómatarnir eru skornir í litla bita eða teninga og settir í eldfasta mótið ásamt rifnum/mörðum eða söxuðum hvítlauk og maldonsalti. Þetta er látið malla í heitum ofni á ca. 225° í 8-10 mín eða þar til þeir eru orðnir vel mjúkir, gott að hræra einu sinni eða tvisvar í tómátblöndunni (*Ath, afeinhverjum ástæðum verður hvítlaukurinn stundum blágrænn á litinn, það kemur ekki að sök.*

Á meðan er pastað soðið og

kjúklingabringurnar grillaðar. Þær krydda ég með salti, pipar eða öðru uppáhalds kjúklinga-kryddi (kjöt og grill krydd frá Knorr eða því sem til er hverju sinni). Þegar tómátblandan er orðin mjúk, tek ég mótið úr ofninum og nota kartöflustappara eða annað hentugt áhald til að merja blönduna saman. Ég set góða lúku af saxaðri basilíku út í ásamt hálfum kjötkrafti og rjómapela. Þetta hræri ég rólega saman og smakka til, krydda eftir smekk með salti, pipar, krafti og basilíku. Þegar ég er loksins ánægð með sósuna set ég tegliatelle pastað út í. Það er gott að gefa sér smá tíma í að hræra pastað saman við sósuna. Að því loknu sker ég kjúklingabringurnar í strimla, legg yfir pastað og strá yfir það smá feskri basilíku til skrauts.

Borið fram með góðu brauði og köldu vatni eða hvítvínsglasi. Svo eru afgangarnir ljómandi góðir daginn eftir í smurðu pítu-brauði.

Bollakaka fyrir



Þá sem ekki baka

4 msk. hveiti
4 msk. sykur
2 msk. kakó
½ tsk. lyftiduft
Smá salt á hnífsoðdi
1 msk. olía
3 msk. vatn
¼ tsk. vanilludropar
1. msk. saxað súkkulaði (má sleppa).

Aðferð:

Hráefni sett í stóran könnu/ bolla og hrært vandlega saman.

Sett í örbylgjuofn á 800w í 1 mínútu og 30 sek. Hægt er að prófa sig áfram og lækka hitann, vilji maður hafa kökuna mjúka í miðjunni. Fer svolítið eftir örbylgjuofninum, en það tók mig 2 tilraunir að fá miðjuna mjúka. Þessi dásemd er æðisleg með ís, þegar letin tekur völdin og sófakúrið kallar á köku.

Ég skora á Andreu Gylfa-dóttir Hnífsdæling að vera næsti sælkeri vikunnar.



mestu uppáhaldi. Það er svo magn- að hvað er hægt að segja mikla sögu í stuttu ljóði við lítið lag.“

Tónlistarnám frá fimm ára aldri

„Já, ég man eftir mér syngjandi og leikandi síðan ég var pínulítill. Ekki að ég hafi neitt ákveðið strax að verða leikkona, þetta var bara svo stór partur af mínu lífi. Það hefur alltaf verið svo mikil tónlist í kringum mig. Ég er ótrúlega þakklát að mamma og pabbi settu mig í Tónlistarskólann strax þegar ég var fimm ára og þar stundaði ég tónlistarnám alveg til tvítugs. Ég byrjaði í forskóla og svo lærði ég á fiðlu, síðan á píanó og síðan fór ég að læra söng. Svo var ég auðvitað heimilisköttur heima hjá Siggu og Jónasi [Sigríði Ragnarsdóttur skólastjóra Tónlistarskóla Ísafjarðar og Jónasi Tómassyni tónskáldi]. Dísu dóttir þeirra [Herdís Anna Jónasdóttir söngkona] er besta vinkona mín.

Mamma og pabbi voru líka mjög dugleg að taka mig með á alls konar tónleika og viðburði. Það var ekki alltaf auðvelt að draga litla stelpu á nútímatónleika í frímúrarahúsinu, en gulrótin var að við Dísu vinkona fengum að færa tónlistarmönnum blómvendur í lok tónleikanna. Þannig sátum við prúðar á fremsta bekk út tónleikana til að geta sinnt þessum mikla „blómastúlkuheidi“ í lokin. Blómastúlkuþú minn gerði það að verkum að ég fékk að kynna mig al-

ballett og fimleika þegar ég var lítill, það var bara ekki kennt fyrir vestan á meðan ég bjó þar. Þess vegna hef ég reynt að sækja dans- og fimleikatíma á gamals aldri til að bæta upp gamla drauma. Ég var engin íþróttamanneskja þegar ég var lítill og leit á það sem svo, að fyrst að ég væri á fullu í tónlistarskólanum þyrfti ég ekki líka á íþróttum að halda. Ég fann mig aldrei í fótbolta eða frjálssum íþróttum eða þeim íþróttum yfirleitt sem voru í boði heima. Ég var líka svolítið búin að ákveða það að ég væri léleg í íþróttum, sem er bara bull. Þetta var bara áhugaleysi og hræðsla við að vera ekki nógu góð.

Ég stunda mikla líkamsrækt í dag og finnst það æði, gæti hreinlega ekki verið án þess, enda skiptir miklu máli fyrir mig í mínu starfi að vera hraust, að vera í góðu formi og þekkja líkamann minn vel til þess að geta tekist á við fleiri mismunandi verkefni. Ég hlæ svolítið að því að ég skuli vera alin upp á Ísafirði og fari ennþá í plóg á skíðum! Ég er skíthrédd á skíðum. Það hentar mér best að fara bara eina ferð upp í fjall með kakó og kleinur, njóta fjallsins og útiverunnar og skíða síðan niður hægt og rólega í lok dags.“

Litla stúlkan með eldspýturnar

– Eftir stúdentspróf, forstu þá beint í leiklistarnám?

„Nei, ég byrjaði á því að halda áfram í söngnámi, fór í Listahá-

óperunni í óperusýningu sem heitir Tökin hert.

Það sem eiginlega hélt mér á lífi í söngnáminu var að taka þátt í þessum sýningum. Ég fann að það að vinna á leiksviði átti miklu betur við mig en að vera ein inni í stofu að æfa mig að syngja. Stór partur af leiklistarnáminu, og svo auðvitað líka í vinnu eftir útskrift, snýst um samvinnu í hópi fólks, á meðan þú ert meira einn á báti í tónlistarnáminu. Reyndar vissi ég alveg áður en ég fór í söngnámið að mig langaði til að verða leikkona, óperusöngurinn var bara plan B, en þarna var ég búin að átta mig á því að leiklistarnámið var draumur sem ég varð að elta.“

Frábærir, hvetjandi og skemmtilegir kennarar

– Hverjir voru helstu kennarnir þínir í Tónlistarskólanum á Ísafirði?

„Eitt af því sem hefur gert mig að þeirri sem ég er í dag er hversu heppin ég hef verið með kennara í gegnum árin. Hvort sem það var í tónlistarnáminu eða í grunnskóla. Maður eyðir svo miklum tíma með kennaranum sínum, að hann á stóran þátt í því hvernig manneskja maður verður.

Janusz Frach var fiðlukennarinn minn. Hann var alveg yndislegur og rosalega metnaðarfullur. Ég dáist að þolinmæði hans í minn garð. Ég æfði á fiðlu alveg þangað til ég var orðin átján ára, en metnaðurinn minn hefði alveg mátt vera meiri. Ég er svo mikið

Ég er svo mikið fiðrildi!

Þórn Arn Kristjánsdóttir leikkona og söngkona átti heima á Ísafirði fram til tvítugs og kláraði menntaskólann. „Ég er ákaflega glöð að hafa tekið þá ákvörðun, var ekkert að flýta mér suður. Ég er mjög þakklát fyrir að hafa alist upp fyrir vestan, ég hugsa með mikilli hlýju til þeirra ára, þau voru ótrúlega skemmtileg. Tækifærin til að vaxa og dafna við það sem mér fannst skemmtilegast voru endalaus. Núna eru komin tíu ár síðan ég flutti suður. Sá tími hefur líka verið gæfuríkur. Mér finnst rosalega langt síðan ég flutti.“

– Varstu byrjuð að syngja og leika þegar þú varst í grunnskóla?
„Ég byrjaði mjög snemma á því. Eiginlega man ég ekki eftir mér nema syngjandi og leikandi. Reyndar held ég að það sé bara vegna þess að mér finnst svo gaman að vera til. Það er allavega partur af því. Ég man vel að þegar ég var lítill kveidi ég rosalega fyrir

því að verða fullorðin, því að mér fannst allt svo gaman sem ég var að gera og var hrædd um að það myndi allt saman hverfa þegar ég yrði stór.

Þess vegna ákvað ég að halda bara áfram á sömu braut, halda áfram að syngja og leika þó ég væri orðin fullorðin. Og til að toppa það, þá hætti ég að stækka þegar ég var tólf ára, þannig að tæknilega séð hef ég aldrei orðið stór!“

– Og kannski vonandi bara ekkert orðin fullorðin ennþá?

„Ég hef að vísu alltaf verið mjög gömul sál, en líka mikið barn í hjartanu. Það er góð blanda. Varðandi sönginn, þá hef ég oft sagt að hann virki eins og geðlyf fyrir mig. Ef mér líður illa eða er í miklu uppnámi, þá finnst mér fátt betra en að syngja til að róa mig niður, og eftir smástund líður mér betur. Eins ef ég er að springa úr gleði, þá elska ég að syngja. Lög samin við falleg ljóð eru í

alls konar tónlist á unga aldri. Ég hef búið að því alla tíð síðan.

Það er ekki hægt að segja, þegar ég horfi til baka, að ég hafi farið á mis við mikið af menningartengdum viðburðum. Þegar ég átti heima á Ísafirði var mjög mikið um að flottir tónlistarmenn og hljómsveitir kæmu vestur og héldu tónleika. Ég man líka eftir að hafa séð margar flottar leik-sýningar í félagsheimilinu í Hnífsdal, hvort sem um var að ræða sýningu frá Þjóðleikhúsinu eða sýningar Litla leikklúbbsins. Það var alltaf eitthvað í gangi.“

Fer ennþá í plóg á skíðum

– En hvað með dansinn?

„Ég er ekki dansari, við skulum alveg hafa það á hreinu! Þó að ég hafi verið að taka þátt í sýningu Ernu Ómarsdóttur úti í Brüssel síðasta vor, þá fór ég meira inn í það verkefni sem leikari og söngvari. Svo fær maður að dansa með

Mig langaði óskaplega að læra

skólann og útskrifaðist þaðan sem söngkona árið 2006. Við Dísu vinkona héldumst áfram í hendur og fórum þarna saman í Listaháskólann. Lengi var það draumurinn hjá mér að verða óperusöngkona, en í þessu námi fáttaði ég að það var ekki alveg það sem mig dreymdi um. Ég hafði ekki alveg agann og metnaðinn sem þurfti til að verða framúrskarandi óperusöngkona og á sama tíma fann ég enn skýrar hvað leiklistin togaði ennþá í mig. Sama árið og ég útskrifaðist úr tónlistardeildinni byrjaði ég svo í leiklistardeildinni í skólanum.“

– Þú hefur þá væntanlega tekið þátt í ýmsum verkefnum meðan á námi stóð ...

„Já, ég var mjög heppin. Meðan ég var í tónlistarnáminu bauðst mér titilhlutverkið í Litlu stúlkan með eldspýturnar. Það var ótrúlegt ævintýri, alveg rosalega gaman. Eftir það fór ég í söngleikinn Annie og söng í Íslensku

fiðrildi, alltaf á svo mörgum stöðum í einu, þannig að ég var því miður ekki alltaf duglegasti nemandinn að æfa mig.

Svo kenndi Guðrún Jónsdóttir mér að syngja. Það var ofsalega skemmtilegur tími, alltaf svo gaman í tímum hjá henni, mikið hlegið á milli söngskalanna. Hún hafði líka alltaf svo mikla trú á manni.

Síðan lærði ég örlítið á píanó og á það kenndu mér bæði Beata Joó og Sigga Ragnars. Enn og aftur frábærir, hvetjandi og skemmtilegir kennarar sem alltaf var tilhlökkun að mæta í tíma hjá, jafnvel þó að maður hefði getað verið búinn að æfa sig örlítið meira. Ég kann allt mögulegt á ýmis hljóðfæri, en ég er kannski ekkert brjálæðislega góð á eitt sérstakt. En þessi grunnur hefur skilað manni svo langt og ég hef alltaf trú að því að ég gæti gert hvað sem er – af því að ég kann smá!“



– Af því að þú ert fiðrildi ...

„Já, sennilega! En ég verð að halda áfram að tala um kennarana mína heima á Ísafirði. Ég var svo heppin í grunnskóla að hafa þar einungis tvo frábæra umsjónarkennara nærri allan tímann, fyrst Herdís Hübner og síðan Jónu Ben. Það var alltaf líf og fjör í tímum hjá þeim, passleg blanda af aga og því að hafa gaman af að vera til. Þær eiga það báðar sameiginlegt að hafa fyllt mann svo mikilli jákvæðni og trú á sjálfan sig, sem skiptir máli og hentaði barni eins og mér sérstaklega vel. Í bekknum mínum fékk hver einstaklingur að blómstra á sínum eigin forsendum, og það á maður mikið kennaranum sínum hverju sinni að þakka.“

Undarlegur krakki?

„Einhvers staðar hefði ég sennilega flokkast undir það að

vera undarlegur krakki að því leyti, að ég fór ekki alveg með stræmnum, var ekki að gera sömu hluti og allir hinir, ég var bara í mínu. Ég átti fáa en rosa-lega góða vini, og þar var ég og er ennþá rík. En það sem mér finnst ótrúlegt en á sama tíma rosa-lega ánægjulegt er hvað ég fékk að gera hlutina mína í friði. Það setti aldrei neinn spurningamerki við það sem ég var að gera, og þó svo að einhver hefði gert það, þá skilaði sú gagnrýni sér aldrei til mín. Ég fékk bara að vera skrifinn krakki sem lék sér með dúkkur langt fram eftir aldri, rak leikfélag af miklum metnaði með bestu vinum mínum í kjallaranum heima og var á kafi í klassískri tónlist.

Á sama tíma vissi ég ekkert hvað var að gerast í popptónlist, vissi ekki muninn á handbolta og fótbolta og þorði ekki fyrir mitt litla líf að dansa á diskótekum. Sjálfri fannst mér það aldrei neitt skrítið og ég veit ekki hvort neinum í kringum mig fannst þetta skrítið.“

– Ætli þeir sem ná góðum árangri í lífinu séu ekki meira og minna skrifnir, ef út í það er farið, eitthvað öðruvísi en aðrir?

„Jú, kannski. Ég held reyndar að við séum öll „skritin“ á einhvern hátt. Það er svo mikilvægt fyrir hverja manneskju að átta sig á því hvað hún hefur til að bera sem gerir hana ólíka öllum öðrum. Við höfum öll eitthvað sem gerir okkur sérstök, svo er bara mismunandi eftir hverjum og einum hvað við leyfum þessum skringilegheitum að blómstra. Ég er óskaplega fegin að hafa áttað mig á mínum sérkennum, sem gera það að verkum að ég er ég.“

Skóli er ekki hús heldur fólk

– Þegar þú komst í Listaháskólann var annar Ísfríðingur þar fyrir ...

„Hann Hjálmar, jú! Listaháskólinn er reyndar á svo mörgum stöðum að Hjálmar var aldrei í sama húsi og ég. En ég hef alltaf litið óskaplega upp til Hjálmars, mér finnst gaman að hann skuli hafa verið rektor þegar ég var í skólanum. Honum fylgja ísfirskir siðir sem fylgja mér líka, og þar ber helst að nefna fjöldasöng á almenningssamkomum. Mér finnst veisla ekki vera veisla án þess að í henni sé sungið oft og reglulega. Sennilega er þetta ekki bara ísfirskur siður, en ég tengi fjöldasönginn sterkt við Ísafjörð.“

Ég minnst þess oft sem Ragnar H. Ragnar þabbi Hjálmars sagði: Skóli er ekki hús heldur fólk. Þetta held ég að hafi fylgt Hjálmarari í Listaháskólanum. Húsnæðið sem skólinn er í núna er alveg hræðilegt, en fólk sem fylgdi mér í Listaháskólanum var alveg yndislegt, bæði kennararnir og nemendurnir. Það er fólk sem hefur skilað mér þangað sem ég

er í dag. Auðvitað er nauðsynlegt og löngu tímabært að laga húsa-kost Listaháskólans, en þegar öllu er á botninn hvolft er það fólk sem en ekki byggingin sem skiptir mestu máli.“

Að hafa eitthvað að segja

– Hvað ber hæst í huga þínum á ferlinum sem leikkona og söngkona?

„Meðal þess sem ég er óskaplega stolt að hafa tekið þátt í er sýningin Karma fyrir fugla, sem er eftir tveir ungar skáldkonur, Kristínu Eiríksdóttur og Karí Ósk Grétudóttur. Sú sýning fjallaði fyrst og fremst um ofbeldi gagnvart konum í gegnum aldirnar, í nútíð og fortíð. Þetta var mjög hugröck sýning, hún var „öðruvísi“, ekki hefðbundin leikhúsuppfærsla. Hún tók á viðkvæmum málefnum sem skiptir miklu máli að við fjöllum um, og snerti hjartað.“

Þegar ég er að gera eitthvað sem mér finnst skipta máli, jafnvel þó að ég geti bara breytt skoðun einnar manneskju, þá er ég glöð. Mér fannst ég breytast við að taka þátt í þessari sýningu. Það skiptir svo miklu máli að hafa eitthvað að segja. Þá finnst mér starf mitt sem leikari vera að skila sér. Og það besta við svona sýningar er að þær breyta líka manni sjálfum, heimurinn stækkar og verður aldrei aftur eins.“

– Getur ekki verið að ofbeldi gagnvart konum sé komið meira upp á yfirborðið á síðustu árum í stað þess að vera tabú, ekki endilega að það sé meira en áður?

„Við förum í mikla rannsóknarvinnu fyrir sýninguna. Það kemur manni svo mikið á óvart þegar maður fer að rannsaka þetta hvað ofbeldi gegn konum er algenget enn þann dag í dag. Þó að við teljum okkur búa í upplýstu samfélagi, þá hefur í rauninni ekkert breyst frá því að við vorum á moldargólfnum. Ég myndi segja að ofbeldið sé í rauninni meira falið í dag. Við erum líka svo góð í að réttlæta ofbeldið í kringum okkur, viðurkennum það ekki, og þar af leiðandi lokum við augunum gagnvart því. Þó að við séum stöðugt að kanna hlutina, þá bara viljum við ekki viðurkenna vandamálið almennilega.“

Draumahlutverkið?

„Svo var það mikill hápunktur þegar ég var að útskrifast úr Listaháskólanum. Nemendaleikhúsið setti upp þrjár sýningar og þá var ég svo heppin að fá að vinna sýningar með bekkjárstykkinum mínum alveg frá grunni. Það er gaman að geta klárað námið sitt svona. Þarna kynntist ég vel þeirri vinnu að búa til leikhús frá a til ö, og um leið var ég að búa til leikhús með fólk sem ég treysti hundrad prósent og var líka bestu vinir mínir.“

Það er alltaf verið að spyrja um draumahlutverkið. En þegar

öllu er á botninn hvolft, þá er ekki til neitt í mínum huga sem heitir draumahlutverk. Það sem skiptir öllu máli er að vinna með góðu fólk, góðum leikstjóra, og svo auðvitað að vera með gott efni. Þá er mér alveg sama hvort ég er með stærsta hlutverkið eða ekki. Það skiptir engu máli.

Æ, svo er það einhvern veginn þannig, að hvert verkefni sem maður tekur að sér á hug manns og hjarta á meðan því stendur. Og oftast er ferðalagið skemmtilegt og gefandi, en aldrei eins. Fjölbreytileikinn er einmitt eitt af því sem gerir starfið svo skemmtilegt.“

Að vera góður í því að vera manneskja

– Hefurðu haft einhvern uppáhaldsleikstjóra?

„Þessu er erfitt að svara. En svarið er samt nei. Enginn uppáhalds, en margir alveg frábærir sem mig langar mikið að vinna með aftur. Leikstjórar eru svo mismunandi. Þeir henta líka hverjum og einum svo misjafnlega. Þetta er eins og í lífinu sjálfu. Stundum hittirðu manneskju sem þú átt algerlega samleið með, stundum alls ekki. Samt þýðir það ekki að manneskjan sé góð eða slæm.“

En ég hef verið mjög heppin með leikstjóra. Mér finnst þínu erfitt að nefna einhvern einn, því mig langar að nefna svo marga. Til að nefna einhvern get ég þó sagt, að mér fannst yndislegt að vinna með henni Kristínu Jóhannesdóttur sem leikstýrði mér í Karma fyrir fugla. Það var bara af því að hún var svo hugröck. Hún þorir að taka áhættu sem aðrir þora kannski ekki að taka. Hjarta hennar slær líka fyrir þau málefni sem hún tekur sér fyrir hendur. Hún er ekki að hugsa um að sigra heiminn, heldur um það sem hún er að reyna að koma til skila.

Það sem mér finnst einkenna góðan leikstjóra er að hafa sterka listræna sýn, hugrekki og brennandi áhuga á viðfangsefninu, að þora að taka áhættu og treysta fólkinu sem hann hefur valið sér að vinna með sér. Að sama skapi finnst mér að góður leikari þurfi að hafa sömu eiginleika. Svo skemmir aldrei fyrir, hvorki fyrir leikara né leikstjóra, að vera góður í því að vera manneskja. Það skilar manni oft ansi langt.“

Núna er einhvern veginn allt breytt

Þórunn Arna er yngst þriggja barna Halldóru Magnúsdóttur bankastarfsmanns og Kristjáns Haraldssonar orkubússtjóra á Ísafirði. Ebba Áslaug er tólf árum eldri og Magnús átta árum eldri. Ebba er kennari í Ísaksskóla í Reykjavík en Magnús er forstjóri Orkusölnunnar – og þar með í samkeppni við pabba sinn!

„Ég kem svona lítið örverpi í

lokin. Og vá hvað allir tóku mér vel! Ég er alltaf að sjá það betur og betur hvað maður er heppinn að eiga góða fjölskyldu. Þar hef ég sannarlega dottið í lukkupottinn. Áhugamálin í lífinu eru mjög tengd vinnunni minni, ég er heppin með það. En hitt sem mér finnst alveg óskaplega gaman er að verja tíma með fjölskyldunni minni.“

Og núna var Þórunn Arna einmitt að fjölga í fjölskyldunni sinni, því að 7. febrúar eignaðist hún dóttur, sem er hennar fyrsta barn.

„Litla skottan flýtti sér í heiminn og kom þrem vikum áður en við áttum von á. Kærastinn minn, Vignir Rafn Valþórs-son leikari og leikstjóri, var síðan að frumsýna leikritið Bláskjá í Borgarleikhúsinu daginn eftir að hún fæddist, þannig að þetta var ansi stór helgi. Ég var bara nýhætt að vinna og ætlaði að nýta tímann sem eftir væri til að undirbúa komu litlu stúlkunnar.“

Þrátt fyrir að ekkert væri tilbúið mætti hún í heiminn á afmælisdaginn hennar mömmu, öllum að óvörum. Þínulítill en ótrúlega kraftmikill og í einu orði sagt fullkomin. Eftir þetta er einhvern veginn allt breytt. Lífið var frábært, en núna finn ég ekki einu sinni orðin til að lýsa því hvernig mér líður, ég er ástfangin af þessari litlu manneskju en veit um leið að ferðalagið er bara rétt að byrja hjá okkur litlu fjölskyldunni.“

Þrjátíu hlutverk á tíu árum

Þegar litið er yfir ferilskrá Þórunnar Örnú kemur á óvart hvað hún er löng og fjölbreytt hjá svo bráðungri listakonu. Þrjátíu stærri og smærri hlutverk síðustu tíu árin, þar af tuttugu og sjö á sviði og þrjú í kvikmyndum og sjónvarpi.

„Eftir að ég útskrifaðist var ég svo heppin að mér bauðst samningur í Þjóðleikhúsinu, þannig að ég er búin að vera meira og minna þar síðan. Ég er búin að fá alveg óskaplega góð tækifæri, bæði skemmtileg hlutverk og líka mikla starfsreynsla, sem skiptir mjög miklu máli.“

Það er meira en að segja það að stíga í fyrsta skiptið á Stóra sviðið í Þjóðleikhúsinu. Við útskriftina heldur maður sig geta allt, en svo kom tíminn þegar það blasti við að maður væri bara rétt að byrja. Maður stækkar og þroskast með hverju verkefni og þess vegna er öll reynsla mjög dýrmæt. Svo er þetta bara eins og í lífinu, stundum gengur manni vel og nær að blómstra og stundum er maður ekki alveg eins frábær, og þá þarf maður bara að læra af því.“

Svo bauðst mér tækifæri að fara til Brüssel og vinna með Ernu Ómars og fékk leyfi frá Þjóðleikhúsinu til að gera það.

6. Mars - 11. Mars
Ísáfarðarbið
MAGADUR HASAR
LIAM NEESON
NON-STOP
THE HITCHHIKER WAS JUST THE BEGINNING
AUKASÝNING FIMMTUDAG KL 8
SEIZE YOUR GLORY
HEIMSRUMSYNINGARHELGI
RISE OF AN EMPIRE
FÖSTUDAG KL 8, LAUGARDAG KL 8, ÞRIÐJUDAG KL 8
ISL TAL
Synd bæði í 2D og 3D
LAUGARDAG KL 3, 3D
SUNNUDAG KL 2, 2D SUNNUDAG KL 4, 3D
EMMA THOMPSON
TOM HANKS
PHIL GIBBERTI
JASON ROY
COLIN FARRELL
BYGGT Á SANNRI SÖGU
Það var ekkert smá vesen hjá Walt Disney að gera kvikmynd um Mary Poppins sem átti svo eftir að vera ein dádasta kvikmynd allra tíma
SAVING MR. BANKS
SUNNUDAG KL 8, MANUDAG KL 8



Þetta er í rauninni það eina sem ég hef gert fyrir utan Þjóðleikhúsið eftir að ég var ráðin þangað. Ég fór til Brüssel síðasta vor og var þar í tvo mánuði. Á þeim tíma bjuggum við til sýningu í samstarfi Shalala, sem er danskompaní Ernú Ómars og Valda [Valdimars Jóhannssonar], og A Two Dogs Company, sem er belgískur listahópur. Þetta var óskaplega lærdómsríkt. Þá finnur maður líka hvað það er nauðsynlegt að geta skipt um umhverfi og kynnst og vinna með nýju fólki.“

Að njóta sérhvers verkefnis

–Núna virðist brautin þín bein og greið framundan. Er eitthvað alveg sérstakt sem þig langar að gera á vettvangi leiklistarinnar eða söngsins?

„Ég vil ekki segja að brautin framundan sé bein og greið. Ég hugsa aldrei þannig. Starf leikarans er þannig að þú veist eiginlega aldrei hvað þú ert að fara að gera næst. Maður veit aldrei hvort maður hefur vinnu næsta vetur eða ekki. Þess vegna hef ég alltaf haft þá reglu að njóta sérhvers

verkefnis í botn og reyna að hugsa ekki of mikið fram í tímann.

En varðandi framtíðina, þá langar mig bara að halda áfram að leika, fá að þroskast og stækka á því sviði. En auðvitað er fullt af draumum sem ég á eftir að láta rætast og ótal verkefni sem ég á eftir óunnin. Eins og staðan er í dag nýt ég þess í botn að vinna í Þjóðleikhúsinu, en reyni líka að gefa mér tíma til að huga að mínum eigin verkefnum. Kærastinn minn og ég erum í leikhóp sem heitir Óskabörn ógæfunnar og hefur sett upp fjórar sýningar

síðan hann var stofnaður um jólin 2012. Reyndar hef ég ekki haft tíma til að taka þátt í neinni af sýningunum en hef í staðinn tekið að mér hin ýmsu hlutverk utan sviðs.

Þannig að það er margt í pípunum, og svo veit maður aldrei hvað verður. Eins og ég sagði, þá vil ég ekkert vera að hugsa of mikið um framtíðina heldur njóta hvers dags. Og núna er komin lítil ný manneskja á heimilið!“

Endalaus væntumþykja, hvatning og góðar

samverustundir

„Ég er von að vinna svo mikið, segi alltaf já við öllu sem býðst, enda elska ég vinnuna mína og finnst fátt skemmtilegra en að vera á kafi í ótal verkefnum.

En núna þarf ég að hætta að hugsa bara um sjálfa mig og reyna að gefa stelpunni minn það sem ég fékk þegar ég var lítil hjá yndislegum foreldrum og fjölskyldu. Endalaus væntumþykju, hvatningu og góðar samverustundir. Maður má ekki bara kaffæra sig í vinnu.“

– hþm.



Sportið í beinni...

Fimmtudagur 6. mars

kl. 18:00 Cadillac Champ.

Föstudagur 7. mars

kl. 18:00 Cadillac Champ.

Laugardagur 8. mars

kl. 12:45 Arsenal - Everton

kl. 12:45 WBA - Man. Útd.

kl. 15:00 Cardiff - Fulham

kl. 15:00 Valladolid - Barcelona

kl. 17:00 Cadillac Champ.

kl. 17:30 Chelsea - Tottenham

Sunnudagur 9. mars

kl. 12:00 Sheffield U - Charlton

kl. 12:30 Blackburn - Burnley

kl. 16:00 Man. City - Wigan

kl. 18:00 Real M. - Levante

kl. 18:00 Cadillac Champ.

Þriðjudagur 11. mars

kl. 19:45 Atletico M - AC Milan

kl. 19:45 Bayern - Arsenal

Miðvikudagur 12. mars

kl. 19:45 Paris St. - Leverkusen

kl. 19:45 Barcelona - Man. City

Dagar Íslands

6. mars 1873:

Fimmtán franskar skútur fórust við suðausturströnd landsins og rak um fjörutíu lík á land. Margir Frakkar voru jarðsettir á Stafafelli í Lóni.

7. mars 1975: Flutningaskipið Hvassafell strandaði við Flatey á Skjálfanda í Hvassvíðri og snjókomu. Mannbjörg varð. Skipið náðist af strandstað síðar.

8. mars 1983: Staðfest voru lög um að Ó, Guð vors lands væri þjóðsöngur Íslendinga og að hann væri eign íslensku þjóðarinnar.

10. mars 1986: Fokker flugvél rann út af flugbraut á Reykjavíkurlugvelli í flugtaki á leið til Patreksfjarðar.

11. mars 1984: Guðlaugur Friðþórsson, 22 ára stýrimaður, synti í land, um 5 km., þegar válbátnum Hellisey sókk austur af Heimaey.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag:

SV 10-18 m/s síðdegis. Frost víða 0-5 stig, en frostlaust að degi til við suðurströndina.

Horfur á laugardag:

Vaxandi SA átt með snjókomu og síðan slyddu eða rigningu. Hlýnandi veður.

Horfur á sunnudag:

SV-átt með rigningu og síðar skúrum eða éljum. Hiti 0-5 stig.

Krossgátan

Jón Steingr.	Máls-háttur	Vera Málmur Hólana	Sjúk-dómur Tala	Blundur	Samhlj.	Gæfur	Kenjar	Ótti
Máls-háttur					↕		↘	
Spunnið			Út-skúfun Svar					
Spírur					Stiga-fjöldi			
Grösin		✓			Konu			
↘				Mjakaði Fjöldi Að innan		Tónn Átt		
Mæli-eining	↓	Átt Úthaf	Eyða Sk.st.					
↘				Heiður Eins um D		Einn Kvendýri		Fýsn
Freð-mýrin						Um-hyggja		
Kvisl						Gripur		
↘			Bíræfin					↘ Föru-maður
Jaðar			Titill		✓	Punga		
Manir			Einn			Sláa Norpa		
↘				Ófúst Hluta				
Sér-hljóðar		Þröng Ílát			Snemma Bor		Bráð-ræði Helli	
Hund Strits	↔							Æli
Sérhlj.		Skurn Runna						
Öngul		Vangá						
↘			Pípa		Þegn Stór-veldi			
Fljótar	↘						Sköðun	
↘				Viður-nefni				

BÍLAVERIÐ ehf

Hjólbarðapjónusta
Smurpjónusta

Smáviðgerðir

Sindragötu 14 • 400 Ísafirði
Sími 456 3501 • www.bilaverid.is



Gámapjónusta
Vestfjarða ehf

BROTAJÁRN

Parftu að losna við brotajárn?
Tökum á móti brotajárni
og útvegum gáma undir það.

Sími: 456 3710
gamarvest.is

Lausn á síðustu krossgátu

Vestfirskir með lægsta tilboð

				A	U	Ð	J	Ö	F	U	R	
					S		S			G		
				⇒	K	R	Ý	P	U	R	↔	
Jón Steingr.	↓	B			A	R	T		N	Ó	V	
		T	E	T	U	R		A	G	A	Ð	I
V	E	R	J	A	P	A	T	A			I	Ð
		K	J	Á	↔	I	T	Æ	S	Á	H	↔
		I	I		H	R	A	P	P		Ö	R
		Ð		B	Ú		R	A	U	S	N	J
		↓	T	Ú	S	S		N	R		K	Ú
		V	O	S	B	Ú	Ð		K	E		P
		I	L		Ó	L	A	F	U	R	M	A
E	Ð	L	I	N	U		E	L	J	A		
		T	U	L	D	R	A	R		A	R	A
V	A	R	L	A		R	I	T		Í	S	
		L		A	N	S	G	L	Ó	R	A	N
F	L	E	N	S	A		S	L	A	S	A	

Vestfirskir verktakar á Ísafirði áttu lægsta tilboð í annan áfanga hjúkrunarheimilisins Eyrar á Ísafirði, en tilboð í verkið voru opnuð í síðustu viku. Fimm tilboð bárust í verkið og hljóðaði tilboð Vestfirska verktaka upp á ríflega 307,5 milljónir króna. Fyrirtækið átti einnig lægsta tilboð í uppsteypu hússins sem er í fullum gangi. Í öðrum áfanga felst vinna við frágang innanhúss.

Geirnaglinn ehf., bauð kr. 376.273.457.- í verkið, Íslenskir aðalverktakar buðu kr. 356.464.611.-, GÓK hússmiði í Bolungarvík bauð kr. 328.611.150.-, Jón F. Gíslason bauð kr. 322.125.789.- og Vestfirskir verktakar á Ísafirði buðu kr. 307.519.201. Kostnaðaráætlun hljóðaði upp á kr. 308.326.611.

Pingeyrarlaug lokað tímabundið

Sundlauginni á Þingeyri var lokað um óákveðinn tíma á laugardag. Vegna bágrar vatnsstöðu í lónum Landsvirkjunar er ekki hægt að afhenda svokallaða „ótrygga orku“, en Þingeyrarlaug er ein lauga Ísafjarðarbæjar með svo hagstæða samninga um kaup á rafmagni. Íþróttahúsið verður lokað yfir helgina af sömu ástæðu. Í tilkynningu frá Ísafjarðarbæ segir að ekki sé hægt að fullyrða hvenær laugin opni á ný en reynt verður að halda íþróttahúsinu opnu eftir helgi.

Lokunin bar fljótt að, upplýsingar um stöðu raforkumála bárust frá Orkubúi Vestfjarða fyrst á fimmtudag og eru Dýrfirðingar og aðrir gestir laugarinnar og íþróttahússins eru beðnir velvirðingar á lokuninni og hve skjótt hún bar að.

Eimskip biðlar til Ísafjarðarhafnar

Gylfi Sigfússon, forstjóri Eimskipa, biðlar til hafnarstjórnar Ísafjarðarbæjar að draga til baka gjaldskrárhækkun sem tók gildi 1. janúar 2014. Gylfi segir í bréfi til hafnarstjórnar að Eimskip hafi ekki hækkað sínar gjaldskrár til að sýna samstöðu með Samtökum atvinnulífsins og Alþýðusambandi Íslands í viðleitni samtakanna til að halda verðbólgu niðri. Í niðurlagi bréfsins segir:

„Með því að gera það tekur Ísafjarðarhöfn ábyrga afstöðu með sínum viðskiptavinum sem stuðlar að því að forsendur nýgerðra kjarasamninga um lága verðbólgu, aukinn stöðugleika og vaxandi kaupmátt gangi eftir.“ Hafnarstjórn hefur ákveðið að hækka á gjaldskrár verði 2% árið 2014.

Sudoku prautilir

6			1					
			5		7		2	
8	4			6		5		
1				2	5			
	3		6		9			
	2	9					8	
	9		3		8		6	
2		8		1				
				7			5	

5	8	1						
				7				9
	7			6	1	5		
			8					
1	3		6	5	2		7	8
				4				
	2	3	5				4	
4				1				
					9	2	6	

Þjónustuauglýsingar

JAKOB VALGEIR EHF
 Grundarstíg 5
 415 Bolungarvík
 450 7700

H.V. UMBOÐSVERSLUN ehf
 Suðurgötu 9 • 400 Ísafjörður • Sími 456 4666 • Netfang hekla.vestfj@hafsteinn.is

66°N Sjóvinnufatnaður
 Stígvél og vettlingar
 Þjónusta í heimabyggð 1983-2013

GÖK HÚSASMÍÐI EHF
 Öll almenn hússmiði
 Umboðsaðili fyrir GLERBORG

Bolungarvík
 456 7080 • 893 9362 • 690 1060

Fréttir og upplýsingar um réttindi og kjör á vinnumarkaði
www.verkvest.is

ENDURSKOÐUN VESTFJARÐA ehf
 Sími í Bolungarvík 450 7900
 Sími á Ísafirði 450-7910

Aðalstræti 19, 415 Bolungarvík • Hafnarstræti 9, 400 Ísafjörður

BÍLASALA
 456 3800
BÍLAVERKSTÆÐI
 456 4580

Suðurgötu 9

Kampi EHF
 Rækjuvinnsla:
 Sindragötu 1 • 400 Ísafjörður • Sími: 450 4000
 Fiskvinnsla:
 Hafnargötu 90 • 415 Bolungarvík • Sími 450 7507 / 863 2600

HRADFRYSTIHÚSIÐ-GUNNVÖR HF.
 - sjálfbær niðring sjávarauðlunda

KOMDU MEÐ BRODDANA
NÚ ER VIÐKVÆM
HÚÐ MÍN TILBÚIN

NÝTT



VINNUR Á
ROÐA, ÞURK
OG STREKKTRI HÚÐ

ÁN PARABENA, LITAR- OG ILMEFNA

